

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 174/2019

frá 14. júní 2019

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr., og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/61 frá 19. desember 2018 um geiratengt tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir geira opinberrar stjórnarsýslu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/62 frá 19. desember 2018 um geiratengt tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir bifreiðaframleiðslugeirann samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/63 frá 19. desember 2018 um geiratengt tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir framleiðslugeira raf- og rafeindabúnaðar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽³⁾.
- 4) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 1eao (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/813) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„1eaa. **32019 D 0061:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/61 frá 19. desember 2018 um tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir ferðaþjónustugeirann samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtið. ESB L 17, 18.1.2019, bls. 1).

1eao. **32019 D 0062:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/62 frá 19. desember 2018 um geiratengt tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir bifreiðaframleiðslugeirann samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 17, 18.1.2019, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 17, 18.1.2019, bls. 58.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 17, 18.1.2019, bls. 94.

fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtíð. ESB L 17, 18.1.2019, bls. 58).

- 1 eap. **32019 D 0063**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/63 frá 19. desember 2018 um geiratengt tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir framleiðslugeira raf- og rafeindabúnaðar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stjtíð. ESB L 17, 18.1.2019, bls. 94).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana (ESB) 2019/61, (ESB) 2019/62 og (ESB) 2019/63, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.